

HÉRAÐSSKJALASAFN AKRANESS

LJÓSMYNDASAFN AKRANESS



Ársskýrsla 2012

Starfsmenn og stjórn

Í byrjun febrúar 2012 fór Gerður Jóhanna Jónsdóttir, héraðsskjalavörður, í veikindaleyfi og í kjölfar þess í barneignarleyfi. Í afleysingar héraðsskjalavarðar var ráðin Erla Dís Sigurjónsdóttir og í afleysingar á ljósmyndasafn Nanna Þóra Áskelsdóttir. Jóhanna L. Jónsdóttir vann við flokkun og skráningu frá september – desember 2012.

Héraðsskjalasafn Akraness er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Héraðsskjalasafn Akraness starfar skv. lögum um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Umdæmi safnsins er Akraneskaupstaður. Héraðsskjalasafnið heyrir undir Akranesstofu í skipuriti Akraneskaupstaðar. Í lok ársins lá fyrir tillaga Starfshóps um breytingu á skipuriti Akraneskaupstaðar, sem felur í sér m.a. að Akranesstofa verður lögð niður.

Starfsemi

Hlutverk Héraðsskjalasafna er söfnun, innheimta, skráning og varanleg varðveisla skjala og annarra heimilda er tengjast héraðinu til notkunar fyrir stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga og stofnanna þeirra svo og fyrir einstaklinga. Þetta er gert til þess að tryggja hagsmuni og réttindi bæði opinberra aðila og einstaklinga og einnig til notkunar við fræðilegar rannsóknir á sögu svæðisins. Héraðsskjalasöfnum ber einnig að annast eftirlit og ráðgjöf varðandi skjalavörslu.

Héraðsskjalasafnið tekur einnig til varðveislu skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja kaupstaðarins. Skjöl sem berast frá einstaklingum eru t.d. sendibréf, dagbækur, greinar, frásögur og ljósmyndir. Félög og fyrirtæki afhenda t.d. fundargerðarbækur, bréfasöfn, afmælisrit og bókhaldsgögn.

Aðföng til safnsins á árinu voru talin í 61 afhendingu en árið 2011 voru afhendingar 41. Unnið var að fullnaðarskráningu innkominna skjala, en sökum skorts á mannafla hefur ekki enn tekist að fullskrá allar afhendingar ársins.

Skjalageymslur

Skráning er lykilþáttur í góðu safni. Rétt skráning auðveldar leit og gerir safnið aðgengilegt. Ráðist var í tiltekt og endurskipulagningu á skjalageymslu safnsins á árinu. Verkefnið var viðameira en gert var ráð fyrir í byrjun þar sem í ljós kom að mikið var af



óskráðum skjölum, en talsvert hefur safnast upp af óskráðu og ófrágengnu efni allt frá stofnun safnsins. Verkefninu er ólokið.

Þess má geta að á árinu voru skráð 60 eldri skjalasöfn, þ.e. óskráð skjalasöfn/afhendingar sem biðu skráningar frá liðnum árum.

Eftirlitsheimsóknir í stofnanir

Árið 2011 var gerð könnun á skjalamálum stofnana Akraneskaupstaðar. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að skjalamálum stofnana var verulega ábótavant. Forstöðumenn stofnanna voru ekki meðvitaðir um skyldur sínar og á mörgum stöðum var búið að henda skjölum án samráðs við héraðsskjavörð og án heimildar frá Þjóðskjalasafni.

Í september 2012 byrjaði héraðsskjalavörður á reglubundnum eftirlitsheimsóknum í stofnanir, en eitt af lögbundnum hlutverkum héraðsskjalasafna er að sinna eftirliti og fræðslu til skilaskyldra aðila. Farið var yfir skjalamál stofnanna með viðkomandi forstöðumönnum, þeim veitt ráðgjöf og í framhaldi rædd skil skjala til skjalasafnsins. Í ljós kom að þessar heimsóknir eru mjög nauðsynlegar og munu þær halda áfram að vera liður í starfsemi safnsins. Þær stofnanir sem heimsóttar voru á árinu eru Listasetrið Kirkjuhvoll, Slökkvilið Akraness, Grundaskóli, leikskólarnir Akrasel, Vallarsel, Teigasel og Garðasel. Engin af þessum stofnunum er með skjalavistunaráætlun né málalykil og er það mál til skoðunar.

Þessar heimsóknir sýndu að mikil þörf er á fræðslu inn í stofnanir og mikilvægt er að brýna fyrir forstöðumönnum að eyða engum gögnum án samráðs við héraðsskjalavörð.

Eftirlits- og fræðsluheimsóknum verður haldið áfram og vonandi næst að fara í allar stofnanir kaupstaðarins á árinu.

Átaksverkefni

Á stofnfundi Félags héraðsskjalavarða á Íslandi þann 27. mars 2009 var tekin ákvörðun um að félagið skyldi standa fyrir átaksverkefnum um að taka skjalasöfn til varðveislu í héraðsskjalasöfnin, bæði til þess að skjölin skiluðu sér og til þess að vekja almenning til vitundar um mikilvægi opinberra skjalavörslustofnanna og þess hlutverks þeirra að tryggja vörslu og aðgengi að skjölum.

Árið 2012 var farið í átak í söfnun skjala Íþróttafélaga. Átakið var í samstarfi við ÍSÍ og var í tilefni af 100 ára afmæli sambandsins. Send voru bréf til forsvarsmanna Íþróttafélaga á Akranesi og þeir hvattir til að skila inn óvirkum skjölum. Átakið gekk hægt en þó skiluðu sér skjöl frá tveimur félögum, Íþróttafélaginu Þjóti og Ungmennafélagi Akraness.

Samstarf við skjalastjóra

Á árinu hafa samskipti við stofnanir verið aukin, bæði hvað varðar heimsóknir vegna eftirlits og kynninga og einnig við skjalastjóra kaupstaðarins. Skjalastjóri Akraneskaupstaðar og héraðsskjalavörður tóku upp þá vinnureglu að funda einu sinni í mánuði og er þá farið yfir stöðu mála á hvorum staðnum og ýmis mál rædd. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel og mun því verða haldið áfram.

Sýningar

Haldnar voru 4 skjalasýningar á árinu, að meðtalinni sýningu á Norræna skjaladeginum 9. nóvember. Sýningarnar voru allar haldnar í sal bókasafnsins. Sýnd voru skjöl frá Bíóhöllinni og var það í tilefni af 70 ára afmæli kaupstaðarins. Í ágúst voru gestabækur frá Akrafjalli afhentar skjalasafninu og voru þær strax settar í sýningarkassa og fram í sal. Sýningin vakti mikla ánægju og fékk hún því að vera uppi fram yfir Vökudaga í september. Þá var bókunum reglulega skipt út þannig að segja má að sýningin hafi reglulega tekið breytingum. Í nóvember var haldin sýning á skjölum Golfklúbbsins Leynis en sýningin var í tilefni Norræna skjaladagsins. Í desember var svo sýning á jólakortum Jóhönnu L. Þorgeirsdóttur.

Námskeið og fundir

Á árinu var haldin árleg ráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi. Ráðstefnan var haldin dagana 27. – 28. september í Rósenborg á Akureyri. Fjallað var m.a. um skjalavörslu grunnskóla, málalykla sveitafélaga, gerð málalykla og skjalavistunaráætlana, rafræna skjalavörslu, grisjun og sértekjur héraðsskjalasafna. Ráðstefnan er m.a. góður vettvangur fyrir starfsmenn héraðsskjalasafna til að hittast, fræðast og miðla sinni reynslu.



Þann 8. október var komið að árlegum fundi Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna og var fundurinn haldinn á Þjóðskjalasafni. Fundirnir eru m.a. til að efla upplýsingagjöf og samráð á milli safna.

Ljósmyndasafn

Ljósmyndasafn Akraness hélt upp á 10 ára afmæli sitt 28. desember 2012 með því að bjóða velunnurum sínum í móttöku í Svöfusal í Bókasafninu.

Skönnun mynda er unnin jafnóðum og eitt af þeim söfnum sem byrjað var að skanna og setja á vefinn, var safn Guðjóns Bjarnasonar frá Bæjarstæði. Ljósmyndasafn Ólafs Frímanna Sigurðssonar (1903-1991) var afhent til varðveislu en í því eru á þriðja þúsund mynda að mestu teknar á Akranesi.

Á vef Ljósmyndasafns Akraness voru settar 3.594 (3.533) myndir á árinu en alls eru um 35.000 myndir á vefnum.

Samsýning Ljósmyndasafns og Kirkjuhvols með styrk frá Menningarráði Vesturlands var opnuð 18. janúar „Sögurstaðir – í fótspor W.G. Collingwood“ á Listasetrinu.



Í tilefni af 10 ára afmæli Ljósmyndasafnsins og 70 ára afmæli Akraneskaupstaðar var á Vökudögum sett upp sýning á vefsvæði Ljósmyndasafnsins (<http://ljosmyndasafn.akranes.is/syningar/>) með 70 myndum frá Akranesi.

Einnig var þann 29. mars opnuð ljósmyndasýningin „Fossarnir í Berjadalsá.“ á veggnum í Bókasafninu. Þar voru sýndar ljósmyndir eftir Svarar Sigurðsson og Helga Daníelsson. Myndirna eru aðgengilegar á ljósmyndavefnum

Heimasíða Ljósmyndasafns (<http://ljosmyndasafn.akranes.is>) er gagnvirk og því eru allar upplýsingar frá almenningi vel þegnar. Á árinu 2012 voru sendar inn 560 upplýsingar/athugasemdir við ljósmyndir.

Á haustmánuðum kom ný uppfærsla á gagnagrunni Ljósmyndasafnsins og í framhaldi af því hefur markvisst verið farið í að uppfæra og breyta upplýsingum svo ný útgáfa geti opnað nú á vormánuðum 2013.

Héraðsskjalasafn Akraness • Ljósmyndasafn Akraness

Dalbraut 1 • 300 Akanesi • s: 433 1200

skjalasafn@akranes.is

ljósmyndasafn@akranes.is

Opnunartími:

Mánudaga – fimmtudaga kl. 10 – 15.

Föstudaga LOKAÐ

Starfsmenn:

Erla Dís Sigurjónsdóttir, héraðsskjalavörður

Nanna Þóra Áskelsdóttir, ljósmyndasafn

